

**URÐARFELLSVIRKJUN Í LANDI HÚSAFELLS
Í BORGARBYGGÐ
Ákvörðun um matsskyldu**

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að Urðarfellsvirkjun í landi Húsafells í Borgarbyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, byggingarleyfi Borgarbyggðar skv. 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og virkjunarleyfi Orkustofnunar skv. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Áður en leyfi eru veitt þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag fyrir framkvæmdirnar. Skipulagið er háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 10. júní 2013.



INNGANGUR

Þann 19. febrúar 2013 barst tilkynning frá Ferðaþjónustunni Húsafelli ehf. um fyrirhugaða Urðarfellsvirkjun í landi Húsafells III í Borgarbyggð til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 3 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Borgarbyggðar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

Umsagnir bárust frá Borgarbyggð með bréfi dags. 22. apríl 2013, Fiskistofu með bréfi dags. 25. febrúar 2013, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfum dags. 7. mars og 30. apríl 2013, Minjastofnun Íslands með bréfum dags. 7. mars og 8. apríl 2013, Orkustofnun með bréfi dags. 8. mars 2013, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 25. febrúar 2013 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 15. mars 2013. Frekari upplýsingar bárust frá Ferðaþjónustunni Húsafelli ehf. með tölvupóstum dags. 10., 24. mars og 15. apríl 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að áformað sé að virkja fallvatn í Deildargili sem skipti jörðunum Húsafelli III og Hraunsási í Borgarbyggð og framleiða raforku inn á dreifikerfi RARIK. Samhliða þeirri framkvæmd sé áformað að virkja nýtt framtíðarvatnsból sem muni sjá allri byggð og starfsemi í Húsafelli fyrir nægu fersku vatni til framtíðar.

Fram kemur að Ferðaþjónustan reki nú þegar þrjár virkjanir í landi Húsafells III, Kiðárvirkjun I og II samtals 130 kW og Stuttárvirkjun 450 kW. Þessar virkjanir virki aðeins nokkurra metra fall í lindarvatnsföllum sem eigi upptök sín í Húsafellsskógi. Fyrirhuguð Urðarfellsvirkjun muni hins vegar virkja um 260 m fall ofan af Urðarfelli niður í Reyðarfellsskóg. Vatnsfallið eigi upptök sín í lindum í hlíðum Oks. Í dag sé öllu vatnsfallinu sem til standi að virkja veitt um 350 m langan veituskurð yfir í Ásgil og þaðan yfir í Reykjadalásá. Þessi veituframkvæmd hafi líklega verið gerð árið 1955 í þeim tilgangi að bæta aðstæður fyrir lax í Reykjadalásá á þeim tíma þegar mikið heitt vatn hafi runnið í ána í Deildartungu. Nú hafi samningur um veituna runnið út og ekki sama þörf fyrir hana þar sem heitt vatn renni nú í mun minna mæli í Reykjadalásá. Þá kemur fram að virkjunin verði allt að 1.000 kW rennslisvirkjun með nær enga miðlun. Vatni verði veitt úr farvegi Deildargils í um 380 m y.s. um grafinn aðveituskurð að inntaksstíflu. Frá inntaksstíflu liggi niðurgrafin fallpípa niður að stöðvarhúsi í um 110 m y.s. Þaðan sé stuttur frárennslisskurður út í Hringgil.

Stífla og inntaksmannvirki. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að inntaksstíflan verði steinsteypt, um 3 m há og boltuð í klöpp. Inntak í fallpípu sé sambyggt stífluveggnum. Við flóð muni flæða yfir stærsta hluta stífluveggjarins, jafnvel allan vegginn og verði gengið þannig frá að ekki verði hætta á rofi. Botnrásarop með loku verði í neðsta hluta veggisins til að geta tæmt inntakslónið og skolað út seti. Hæð stíflunnar markist af lágmarksdýpi við inntak til að fyrirbyggja truflanir vegna íss og krapa. Lítið efni þurfi í stíflurnar og sé gert ráð fyrir að fylliefni verði flutt á staðinn og steypan blönduð á staðnum vegna erfiðs aðgengis. Áætlað flatarmál inntakslónsins sé innan við 3000 m². Fallpípan verði niðurgrafin um 3.250 m löng og 600 mm í þvermál. Gert sé ráð fyrir um 70 cm jarðvegi ofan á pípu á þannig að dýpt pípuskurðarins verði um 1,1-1,5 m að jafnaði en sums staðar þurfi skurðurinn að vera dýpri vegna mishæða í landi. Botnbreidd verði um 1,0 m. Þar sem aðstæður leyfa verði uppgrafið efni sett aftur að rörunum en gera verði ráð fyrir að sums staðar þurfi að flytja að sand. Þar sem fallpípan muni þvera læki verði leitast við að leggja hana nógu djúpt til að rof í farveginum nái ekki niður á hana. Nauðsynlegt geti verið að steypa utan um fallpípuna í

slíkum þverunum. Ef endanleg hönnun leiði í ljós að slíkt náist ekki þurfi að leggja ræsi undir fallpípuna fyrir lækina.

Stöðvarhús og flutningslínur. Fram kemur að stöðvarhúsið verði allt að 80 m² að grunnfleti og allt að 5 m hátt. Húsið verði steipt á staðnum og niðurgrafið að hluta þar sem fallpípan komi inn. Gert sé ráð fyrir að stöðvarhúsið verði í bakka Hringsgils og því verði umfang frárennisskurðar nær ekkert. Utan við stöðvarhúsið verður spennir og frá honum verði raforkan flutt um 20 m jarðstreng að háspennustreng RARIK.

Vegir og efnistaka. Í greinargerðinni kemur fram að núverandi vegur að tjaldstæðinu í Reyðarfellsskógi verði bættur og framlengdur um 100-200 m að stöðvarhúsinu. Þar verði gert lítið bílaplan. Ræsi verði sett í þverun Hringsgils en þar sé vað. Núverandi, um 4 km, slóði meðfram girðingu við Deildargil verði bættur og efst á svæðinu fylgi hann fallpípunni upp að inntaksstíflu. Gert sé ráð fyrir að þessi slóði verði sem efnisminnstur og aðeins fær fjórhjóladrifnum farartækjum. Gert sé ráð fyrir að árlega, helst að sumri til, þurfi að koma gröfu að stíflunni til að fjarlægja set sem safnast muni í inntakslónið og ekki náist að skola út um botnrásarop. Einnig sé gert ráð fyrir að hreinsa þurfi úr aðrennisskurði og þar sem vatninu sé veitt úr farvegi Deildargils. Efnisþörf til lagfæringar aðkomuvegar að stöðvarhúsi sé áætluð allt að 500 m³. Gert sé ráð fyrir að efni í hann og að hluta efni í girðingarslóða að stíflu verði fengið úr námu við veginn. Víða sé gert ráð fyrir að lítið sem ekkert þurfi að bera í slóðana þar sem jarðvegur sé stöðugur. Erfitt sé að meta hve mikið mun þurfa að taka úr námu vegna slóða að stíflu en áætlað að allt að 1000 m³ verði teknir úr námu. Efni til mannvirkjagerðar, þ.e. í stíflur og stöðvarhús muni allt verða flutt lengra að. Heildarmagn steypu í framkvæmdunum sé áætlað innan við 400 m³. Haugsetning efnis úr pípuskurðum verði með þeim hætti að efni verði grafið upp á bakka á nokkurra tuga metra kafla. Pípan sé síðan lögð og frá henni gengið og hún sönduð ef þess þurfi og uppgrafna efninu jafnað yfir. Sá hluti efnisins sem nýtanlegur sé til slóðagerðar verði fluttur til en öðru jafnað út.

Neysluvatnsöflun. Í greinargerð kemur fram að til skoðunar sé að virkja lind ofan við inntakslón virkjunarinnar og vinna þar neysluvatn fyrir Húsafellsskóg. Þá yrði plastlögn lögð í sama skurð og fallpípan alla leið niður að aðkomuvegi að stöðvarhúsinu og þaðan með aðkomuveginum og þjóðveginum að stofnlögn við flugvöllinn í Húsafelli. Þessi framkvæmd myndi tryggja öruggt neysluvatn fyrir alla byggðina í Húsafellsskógi og Reyðarfellsskógi.

Vatnafar. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Deildargil eigi upptök sín í hlíðum Oks en þar safnist saman allnokkrar kvíslar sem kallaðar eru Deildargilsdrög. Flóð í Deildargili hafi ekki verið mæld en út frá stærð vatnasviðsins og samanburði við önnur vatnasvið er viðbúið er að þau geti numið nokkrum rúmmetrum á sekúndu. Gert sé ráð fyrir að grafinn verði 120 m aðveituskurður úr aðalkvíslinni yfir að inntaksstíflunni. Með þessu sé ætlunin að beina stærstu flóðum framhjá virkjuninni þannig að inngríp í efnisflutning niður eftir ánni í flóðum verði sem minnst og hafi þannig lágmarksáhrif á rekstur virkjunarinnar. Gert sé ráð fyrir að reglulega muni þurfa að grafa upp efni frá aðveituskurðinum. Algengt lágrennsli sé um 400 l/s en meðalrennsli virðist liggja á milli 500-700 l/s. Það samsvari um 50-60 l/s/km². Vatnasvið Deildargils við inntak sé um 12 ferkílómetrar. Mestu flóð verði í asahláku þegar mikill snjór bráðnar á skömmum tíma og áætlað sé að það geti orðið mest um 5-10 rúmmetrar á sekúndu. Tilhögun virkjunarinnar verði þannig að mest af því flóði muni streyma framhjá inntaksstíflunni því aðrennisskurður að stíflunni beri ekki nærri svo mikið rennsli. Stífluveggurinn muni samt sem áður verða þannig úr garði gerður að hann muni þola að flæði yfir hann í heild sinni. Stöðvarhús virkjunarinnar verði varið flóði með því að bakki árinna framhjá húsinu verði styrktur með grjóti þannig að vatnsborð geti risið í ánni án þess að hún flæði yfir bakkann. Farvegi Deildargils verði einungis raskað þar sem vatni verði veitt að inntaksstíflunni og þar sem frárennisskurður frá stöðvarhúsi komi út í ána. Líklegt sé að veitan yfir í Ásgil verði látin halda sér ef slíkt sé talið til bóta fyrir laxgengd í Reykjadalssá. Ef

veitunni verði lokað muni það hafa verulega breytingu í för með sér fyrir neðri hluta Deildargils. Rennsli muni aukast í Hringsgili neðan stöðvarhúss sem nemi virkjuðu rennsli. Kanna þurfi hvort rennslisaukningin valdi vandamálum við þjóðveg þar sem áin fari um ræsi undir veginn.

Fram kemur að botn árinna í Deildargili sé víðast grýttur en sums staðar sendinn og með mól. Vegna smæðar inntakslónsins sé ekki búist við áhrifum á grunnvatnsstöðu vegna þess. Rennsli árinna neðan stöðvarhúss ætti að verða nær óbreytt frá núverandi ástandi að því gefnu að veita yfir í Ásgil verði látin halda sér. Rennsli í ánni milli inntakslóns og stöðvarhúss muni ekkert breytast vegna veitunnar en vatnsmagn sem veitt sé yfir í Ásgil muni minnka sem nemi virkjuðu rennsli. Í þurrviðri verði farvegurinn þurr neðan stíflu en nokkur hundruð metrum neðar bætist rennsli úr hliðarkvíslum í farveginn. Áhrif framkvæmdarinnar á vatnsföll eru talin neikvæð en óveruleg og að fullu afturkræf.

Áhrif á lífríki vatnsfalla. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Deildargil sé fiskgengt um 1000 m frá ármótum við Hvítá. Þar eigi að vera hægt að finna silung, bæði bleikju og urriða. Um sé að ræða staðbundna stofna á vatnasviði Hvítár. Rennsli á fiskgengum hluta Deildargils mun ekki breytast við framkvæmdina nema ef veitu yfir í Ásgil verði lokað þá muni rennslið aukast töluvert í vatnavöxtum frá því sem nú sé. Hringsgil sé sömuleiðis fiskgengt upp að fyrstu flúðum í gilinu, um 800 m frá Hvítá. Rennsli í Hringsgili neðan stöðvarhúss muni aukast sem nemur virkjuðu rennsli. Þessi aukning geti haft einhver jákvæð áhrif á fiskgengd í Hringsgili, sérstaklega þar sem vatnið gæti verið örliðu heitara eftir ferð sína um niðurgrafna fallpípuna en opinn farveg. Virkjunin muni ekki hafa áhrif á lífríki árinna neðan stíflu þar sem virkjunin hafi engin áhrif á vatnið sem slíkt. Engin veiði sé stunduð á áhrifasvæði virkjunarinnar og telji landeigandi að lítið hafi veiðst í Deildargili og Hringsgili gegnum tíðina. Áhrif virkjunarinnar á lífríki í vatnsföllum í Ásgili og þar neðanvið felist í minnkuðu rennsli. Í heild teljist áhrif á fiskistofna og annað lífríki ýmist jákvæð eða neikvæð en óveruleg og afturkræf.

Áhrif á gróður. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að við stöðvarhús sé land grasi vaxið með stökum birkihríslum og bakkar árinna grónir. Þar ofanvið sé Reyðarfellsskógur sem sé birkiskógur. Leið fallpípunnar sé að mestu framhjá skógarsvæðinu og upp í hlíðina sem sé með mosa og lyngi neðantil en gróður fari minnkandi eftir því sem ofar dragi. Áhrif af jarðraski verði því meiri neðantil. Gert sé ráð fyrir einhverri skógfellingu, þó langt undir 0, 5 ha, en áformað sé að planta birki í hlíðina þar sem fallpípan komi niður á lágsléttuna þar sem stöðvarhúsið verði staðsett. Engið við stöðvarhúsið muni gróa mjög fljótt en lengstan tíma mun taka fyrir mosagróður að ná sér í neðri hluta hlíðarinnar. Leitast verði við að halda upp á gróðurþekjuna eins og hægt er og koma henni fyrir aftur þegar jafnað er út efni yfir fallpípunni. Áhrif á gróðurfar séu talin neikvæð en óveruleg.

Áhrif á fuglalíf. Í greinargerð kemur fram að ekki hafi verið gerðar sérstakar athuganir á fuglalífi á svæðinu. Þær tegundir sem reglulega sjáist á svæðinu séu ýmsir mófuglar og skógarfuglar á neðra svæðinu. Ekki sé vitað til þess að tegundir á valista eða ábyrgðartegundir haldi til á svæðinu. Nokkuð sé um að rjúpa sjáist á svæðinu og hafi hún verið veidd þar eins og víðar í fjallendi Húsafells.

Sjónræn áhrif og útivist. Fram kemur að um 100-200 m ofan við stöðvarhúsið séu tjaldstæði í Reyðarfellsskógi. Stöðvarhúsið muni því sjást þaðan en það verði lítið áberandi. Stöðvarhúsið muni snúa meira að þjóðveginum sem verði í um 250-300 metra fjarlægð. Húsið verði hálfniðurgrafið því fallpípan komi inn í húsið um 1 m undir yfirborði. Fallpípan verði öll niðurgráfin nema á einum stað þar sem hún muni þvera ána í Hringsgili ofarlega. Inntaksstíflan verði ekki sýnileg frá þjóðveginum, fara þurfi eftir slóðanum upp fyrir Reyðarfellsskóg til að sjá hana um 3 km ofar í fjallinu. Slóðinn sem bættur verði upp í

gegnum skóginn og áfram upp hlíðina muni gera svæðið aðgengilegra gestum og öðrum ferðamönnum. Sjónræn áhrif eftir að framkvæmdum ljúki verði vegna vegar og slóða, stöðvarhússins, þverunar fallpíunnar á ánni í Hringsgili, stíflunnar og inntakslónsins. Gera megi ráð fyrir að slóðinn í hlíð fjallsins fái með tímanum sama gróður og áferð og umhverfið vegna mjög lítillar umferðar og þess að á löngum köflum þurfi lítið að byggja hann upp og því lítið sýnilegur. Sjónræn áhrif á meðan framkvæmdum standi verði þó nokkur sem og fyrstu misserin á eftir meðan gróðurþekjan sem rofin verður við gróft pípanna sé að gróa. Áhrif á landslag og útivistargildi séu talin óveruleg. Sjónræn áhrif séu talin neikvæð en óveruleg.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Borgarbyggðar, Fiskistofu, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands kemur fram að framkvæmdirnar skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á vatnafar og lífríki vatns. Í umsögn Fiskistofu kemur fram að nú sé öllu vatninu, sem til standi að virkja, veitt um 350 metra langan veituskurð yfir í nærliggjandi gil, þ.e. Ásgil og þaðan yfir í Reykjadalásá. Þessi veituf framkvæmd frá 1955 hafi verið gerð í þeim tilgangi að bæta aðstæður fyrir lax í Reykjadalásá en á þeim tíma hafi runnið mikið heitt vatn í hana frá Deildartungukver. Um þetta hafi verið gerður sérstakur samningur, sem nú sé runninn út að sögn virkjunaraðila og ekki mikil þörf á að endurnýja hann, þar sem mun minna heitt vatn renni nú til Reykjadalársár. Virkjunaraðili minnst á í skýrslunni að eitthvert vatn verði áfram í vatnsveitunni en hvergi sé tíundað hvert raunverulegt rennsli verði í henni eftir að raforkuframleiðsla hefst. Ljóst sé að virkjunaraðili hafi öll vatnsréttindi á svæðinu og geti neitað aðilum um tilflutning á vatni í annað vatnahverfi. Einnig megi benda á að samkvæmt núgildandi lögum séu miklar skorður á því að flytja vatn úr einu vatnakerfi í annað. Rennsli á vatni um Deildargil og síðan út í Hvítá sé því í góðu samræmi við vatnalög.

Sjónræn áhrif. Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif umræddrar framkvæmdar gætu orðið neikvæð sjónræn áhrif vegna lagningar fallpípu. Sem mótvægisáðgerð verði tryggt að rennsli vatns eftir yfirborðinu verði eðlilegt og að rof myndist ekki. Umhverfisstofnun telur að við frágang á pípuleiðinni eigi að leitast við að fella röskuð svæði að landi þannig að ekki myndist hryggir sem sýnilegir væru. Áhrif framkvæmdarinnar verði helst á neðri hluta pípuleiðarinnar þar sem hún liggja um birkikjarr, en komið verði í veg fyrir röskun birkis eins og kostur er með því að leggja fallpípuna fram hjá skóginum þar sem hann sé samfelldur. Umhverfisstofnun telur að ef staðið verði að framkvæmdinni eins og henni sé lýst í greinargerð muni hún ekki skerða verndargildi svæðis nr. 206 á náttúruminjasrá.

Áhrif á menningarminjar. Minjastofnun Íslands taldi í fyrstu umsögn sinni að framkvæmdirnar skyldu háðar mati á umhverfisáhrifum þar sem vettvangsskráning fornleifa hefði ekki farið fram. Í kjölfarið stóð framkvæmdaraðili fyrir fornleifaskráningu. Niðurstaða hennar var sú að fornminjar fundust á tveimur stöðum. Norðan við Giljatungukvísl fannst vörðubrot sem sé í það mikilli fjarlægð frá fyrirhugaðri fallpípu að því ætti ekki að stafa hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum verði verktökum gerð grein fyrir staðsetningu þess. Norðar á rannsóknarsvæðinu fannst skálalaga rúst.

Í frekari umsögn Minjastofnunar kemur fram að að rústin sé beint undir fallpípunni eins og lega hennar hafi verið fyrirhuguð í upphafi. Í bréfi framkvæmdaraðilans segir að brugðist verði við þessu með því að velja fallpípunni leið 20 m austar og þar með verði jarðrask vegna framkvæmdanna í öruggri fjarlægð. Minjastofnun vill í þessu sambandi benda á að friðhelgað svæði kringum friðaðar fornleifar skal vera 15 m nema annað sé ákveðið, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Þá vill stofnunin vekja athygli á að höfundur skýrslu Fornleifafræðistofnunar mælir með því að pípan verði færð til vesturs, vestur fyrir lækinn sem þarna renni, en ekki til austurs, enda gefi hin skálalaga rúst að hans mati fyrirheit um að fleiri

rústir kunni að leynast í nágrenni hennar, sérstaklega austan megin lækjarins. Ef ekki sé hægt að færa fallpípuna vestur fyrir læk og hún verði staðsett þar sem ný gögn framkvæmdaraðilans gera ráð fyrir, telur Minjastofnun Íslands að girða þurfi rústina af á meðan á framkvæmdum standi til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að skoðað hafi verið að færa fallpípuna vestur fyrir lækinn. Niðurstaða þess sé að slíkt sé bæði erfitt varðandi útfærslu virkjunarinnar og óheppilegt gagnvart tjaldstæðunum í Reyðarfellsskógi. Þannig verði stöðvarhúsið mun nær tjaldstæðunum en æskilegt sé og einnig verði mikið rask á tilbúnum tjaldstæðum. Framkvæmdaraðili muni því girða rústina af miðað við 15 m lágmarksfjarlægð frá útbrún rústarinnar að skurðbakka við lagningu fallpípunnar. Áður en deilihönnun stöðvarhússins fari fram þurfi að gera jarðkönnun til að ákvarða dýpt á burðarhæfum jarðlögum og fleira. Í leiðinni verði gerð jarðkönnun á lagnaleiðinni framhá rústinni þar sem sérstaklega verði horft eftir mögulegum minjum og varlega grafið. Minjavörður Vesturlands verði upplýstur tímanlega um hvenær jarðkönnunin fari fram vilji hann vera viðstaddur eða senda fulltrúa sinn. Tilgangur jarðkönnunarinnar við rústina sé að kanna hvort þar sé að finna fornminjar og ef svo sé verða þeim ekki raskað og vali á lagnaleið breytt aftur.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða allt að 1 MW Urðarfellsvirkjun í landi Húsafells á vatnsfalli í Deildargili sem skiptir jörðunum Húsafelli III og Hraunsási I í Borgarbyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur brýnt að framkvæmdaraðili viðhafi þau vinnubrögð sem hann hefur boðað vegna rústarinnar sem fannst á leið fallpípunnar. Nauðsynlegt er að hafa fullt samráð við Minjavörð Vesturlands þegar framkvæmdir hefjast við gröft fallpípu í nálægð við skálarústina og gæta þarf fyllstu varkárni til að minjarnar raskist ekki af vangá. Gangi það eftir telur Skipulagsstofnun að áhrif framkvæmdanna á menningarminjar verði óverulegar.

Skipulagsstofnun telur óhjákvæmilegt að að sjónræn áhrif framkvæmdanna verði töluverð á framkvæmdatíma einkum á lagnaleið fallpípu og umhverfis stöðvarhúsið. Skipulagsstofnun telur brýnt að vanda allan frágang og tekur undir með Umhverfisstofnun um að best væri að haga framkvæmdum þannig að ekki myndist sýnilegir hryggir og að komið verði í veg fyrir myndun rofrása. Jafnframt að vandað verði til verka við að halda upp á gróðurþekju sem fer ofan af skurðinum, svo hægt sé að nýta hana til uppgræðslu að framkvæmdum loknum. Gangi það eftir telur Skipulagsstofnun að áhrif á gróður og sjónræn áhrif framkvæmdanna verði skammvinn en óveruleg þegar svæðið hefur jafnað sig að fullu.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Ferðapjónustunnar Húsafelli ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Ferðapjónustunnar Húsafelli ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að Urðarfellsvirkjun í landi Húsafells sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, byggingarleyfi Borgarbyggðar skv. 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og virkjunarleyfi Orkustofnunar skv. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Áður en leyfi eru veitt þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag fyrir framkvæmdirnar. Skipulagið er háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 10. júní 2013.

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson

